

162. fundur
Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 29. mars 2016 kl. 13:00 á skrifstofu skólastjóra.

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, formaður sem jafnframt ritar fundargerð, Eyór Lárentsínusson og María Valdimarsdóttir.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Beiðni um ársleyfi.

Martin Markvöll hefur endurskoðað fyrri ákvörðun sína um að segja starfi sínu lausu og leggur þess í stað inn beiðni um launalaust leyfi næsta skólaár. Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms leggur til að beiðni Martins verði samþykkt, í ljósi aukins álags síðustu ár vegna óstöðugleika í tré- og málmblástursdeild.

2. Auglýsingar vegna lausra starfa næsta skólaár.

2.1. Laus staða tréblásturskennara, framtíðarstarf.

2.2. Laus staða málmblásturskennara, afleysing í 1 ár.

Skólanefnd samþykkir fyrirbyggjandi drög að auglýsingum blásarakennara og felur skólastjóra að ganga frá auglýsingunum til birtingar.

3. Önnur mál.

3.1. Yfirlit yfir það sem er á döfinni.

Skólastjóri lagði fram yfirlit yfir vorverkefni tónlistarskólans. Þar kemur m.a. fram að skólinn á fulltrúa á Nótunni 2016, lokahátíð í Hörpu, en þar mun koma fram Sigurður Guðmundsson, í fylgd kennara síns Símonar Karls Sigurðarsonar og Hólmgeirs S. Þórsteinssonar meðleikara.

3.2. Vinna við skólastefnu Stykkishólmsbæjar.

Áfram er unnið að úrvinnslu gagna í tengslum við vinnu við skólastefnuna, m.a. frá samráðsdegi skólanna þann 4. mars. Nánari grein verður gerð fyrir stöðu mála á næsta fundi.

3.3. Skóladagatal 2016-2017.

Skóladagatal næsta skólaárs er komið í vinnslu og verður lagt fyrir nefndina á næsta fundi.

3.4. Skólagjöld 2016-2017.

Gjaldskrá fyrir næsta skólaár er komin í vinnslu og verður tekin fyrir á næsta fundi

3.5. Næsti fundur.

Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður í byrjun maí.

Fundargerðin upplesin og hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:41.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir (sign.)